

Jón Ásgeir óttast hvali

Smáfuglarnir hafa talið, að Jón Ásgeir Jóhannesson hjá Baugi láti stjórn mála sig ekki varða nema þau snerti hagsmunum hans sjálfs eða þyngju á einhvern hátt – eða hann telji sig geta kennt stjórn mála mönnum um eitthvað, sem hann veit, að geti farið illa fyrir áform hans.

Á visir.is er sagt frá því, að Jón Ásgeir hafi áhyggjur af ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra um að leyfa hvalveiðar til 2013. Telur Jón Ásgeir, að veiðarnar muni „skaða eignir Íslendinga erlendis.“ Það er eignir Jóns Ásgeirs og hann segir:

„Hvalveiðar skaða eignir Íslendinga erlendis sem aldrei hafa verið eins verðmætar fyrir íslenska þjóð og núna. Ég vona að ný ríkisstjórn taki á þessu strax og láti þetta vera sitt annað verk að snúa þessari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.“

Smáfuglarnir telja, að lesa megi tvennt út úr þessari óvenjulegu yfirlýsingu Jóns Ásgeirs: Í fyrsta lagi, að hann telji sig eiga nægilegt innhlaup inn í væntanlega stjórn til að þar sé mark á honum tekið. Í öðru lagi, að honum henti að lýsa þessum áhyggjum nú til að geta klínt því á hvalveiðar, þegar fréttir berast af enn meiri vandræðum Baugs erlendis en þegar hafa borist. Það sé hvalurinn en ekki bankahrunið, hinn risavaxni skuldabaggi og samdráttur í smásölu, sem ráði örlögum Baugs á alþjóðavettvangi.